

eigin sál. Þeir álitu, að rómverska kyrkjan væri horfin langt frá hinum upprunalega hreinleik og anda kristindómsins, og þeirra markmið var, að hverfa aftur til trúarbragða Krists og fyrstu fylgjenda hans. Stundum voru þessir menn kyrrir í kaþólsku kyrkjunni, en vanalega leituðust þeir samt við, að skilja sig frá henni. Þessir vantrúarmenn, félög og söfnuðir nefndust mörgum nöfnum. Einn flokkurinn, sem náði mikilli útbreiðslu á Hollandi á fjórtándu öldinni, nefndist „Bræðralag hins sameiginlega lífs.“ Bræðralag þetta hafði mörg félög og kyrkjur. Meðlimir þess voru alþektir fyrir guðrækni, óbrotna lífshætti og þá miklu rækt, er þeir lögðu við uppfræðslu; með því að stofna skóla hvar sem þeir fóru. Fyrir áhrif þeirra batnaði alþýðumentun stórum á Hollandi strax á fimmtíðu öld. Thomas a Kempis, höfundur hinnar frægu bókar, „Í líkingu Krists“, var meðlimur þessa félagsskapar. En flokkur sá, sem stendur sögulega langfremst, voru þó endurskírararnir (anabaptists), sem voru svo nefndir vegna þess, að þeir könnuðust ekki við, að ungbarnaskírn væri gild, og skírðu þá aftur, sem gengu í flokk með þeim. Þessi trúflokkur gerði vart við sig í því næri öllum löndum Evrópu. Hjá þeim þroskuðust margar ólíkar skoðanir í hinum miklu hugsana umbrotum, sem þá áttu sér stað hvertvæna. Sunir þeirra urðu ofstækismenn, bæði í trúarbrögðum sínum og þjóðfélagsskipulagshugmyndum, þeir stæðu sig af nýrri yfirnáttúrlegrí opinberun, boðuðu afturkomu Krists og endir þessa heims. Þeir höfðu allar eignir sameiginlegar, og skoruðu á stjórnendur að ganga í félag með sér, og hótuðu þeim valdamissir að öðrum kosti. Í bænum Munster gerðu þeir fleirkvæni að trúarbragðaskyldu. Þetta ofstæki kom óorði á alla hreyfinguna, og átti þátt í því, að skapa óvild gagnvart henni, sem sagnavísindi nútímans eru að eins byrjuð að útrýma. Í raun og veru var mikill meiri hluti endurskíraranna á Hollandi og víðar í Evrópu vanalega alveg lausir við ofstæki. Þeir voru einlægir, alvörugefnir og göfugt hugsandi menn, sem voru síð ferðisleg fyrirmund annara manna. Tilgangur þeirra var, að útbreiða hreinni og sterkari trú en þá, sem vanalega var að finna á meðal fólksins. Að nokkru leyti voru þeir hreintrúar-